

LÖG**um afnám laga nr. 49 20. apríl 1963,
um byggingarsjóð aldraðs fólks.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Lög um byggingarsjóð aldraðs fólks, nr. 49 20. apríl 1963, falli úr gildi.

2. gr.

Eignir byggingarsjóðs aldraðs fólks og útistandandi kröfur skulu skiptast að jöfnu milli Framkvæmdasjóðs aldraðra og byggingarsjóðs hjúkunarheimilis Hrafnistu í Hafnarfirði.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 30. apríl 1987.

Gjört í Reykjavík, 25. mars 1987.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Alexander Stefánsson.

LÖG**um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971,
með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 14. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins er heimilt að greiða barnalífeyri vegna skólanáms eða starfsþjálfunar ungmennis á aldrinum 18–20 ára, ef annað foreldri eða báðir foreldrar eru látnir, enn fremur ef foreldrar eru ellilífeyrisþegar eða örorkulífeyrisþegar, annað eða báðir. Samkvæmt málsgrein þessari greiðist eingöngu einfaldur barnalífeyrir. Lífeyrisdeild metur sönnun um skólavist og starfsþjálfun. Skilyrði er að námið og þjálfunin taki a.m.k. sex mánuði hvert ár. Ef um er að ræða óreglulegt nám eða námskeið skal námstími reiknaður í kennslustundafjölda á almanaksárinu og telst þá sex mánaða nám samsvara 624 kennslustundum. Brot úr mánuði telst heill mánuður. Barnið sjálft sækir um barnalífeyri samkvæmt þessari málsgrein. Lífeyrisdeild getur frestað afgreiðslu barnalífeyris þar til sex mánaða námstíma er náð. Nú verður úrskurði skv. 1. mgr. 17. gr. barnalaganna,